

Borgarbyggð  
Þóra Júlíusdóttir  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík, 23. mars 2021  
UST202103-028/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Nes - Reykholtisdalur í Borgarbyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Nes í Reykholtisdal.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið tekur til 20 ha svæðis og gerir grein fyrir sex frístundahúsum og níu holu golfvelli. Auk þess er gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsalóðum þar sem heimilt er að reisa allt að 220 m<sup>2</sup> hús og tveimur lóðum fyrir frístundahús þar sem heimilt er að reisa allt að 120 m<sup>2</sup> hús.


### **Náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Reykjadalssá ásamt nálægum hverum og Rauðsgil og er númer 204 sem aðrar náttúruminjar. Reykjadalssá er lygn, gróðurmikil á sem helst auð að vetrinum vegna hveravatns sem í hana rennur og er svigðumyndun árinna óvenju falleg. Við Reykjadalssá eru vetrarstöðvar andfugla og á jarðhitasvæðunum er einnig að finna athyglisverðan gróður og dýralíf.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um náttúruminjarnar og vistkerfið í tillögunni. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að það sé metið hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja. Umhverfisstofnun telur æskilegt að óskað sé eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á verkefninu.


### **Bakkagróður**

Umhverfisstofnun bendir mikilvægi þess að bakkagróðri verði ekki raskað, en samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson  
sérfræðingur